

Mál nr. 233/2011

Vasyl Motrevyck (M)

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur Vesturlandsvegi við Ártún 03.01. 2011.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 24.06. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 27.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. A mun hafa verið ekið af akrein lengst til hægri og skipt um akrein, B var síðan ekið aftan á hana. M.a. er haft eftir ökumanni B að hann hafi ekki verið að fylgjast með umferð því hann hafi verið að skipta um geisladisk. Ökumaðurinn gerir athugasemd við skýrslu lögreglu varðandi þetta atriði.

Vátryggingafélag A telur að leggja skuli alla sök á B, en vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun félaganna í gögnum málsins.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna lagði alla sök á ökumann A sem hafi skipt um akrein í veg fyrir B.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu. Hann kveðst ekki hafa ekið í veg fyrir A.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að huga ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan fór, vegna þessa ók hann á A. Frumskýrsla lögreglu verður lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. júlí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.